



Fréttabréf MFÍK

september 2011

Á döfinni hjá MFÍK

2. október - Alþjóðlegur dagur án ofbeldis kl. 20.00

MFÍK mun ásamt fjölda friðarsamtaka taka þátt í að mynda mannlegt friðarmerki á Klambratúni. Fjölmennum og búum til myndarlegt friðarmerki!

19. október kl. 19.00

Opinn félagsfundur í Friðarhúsi, á horni Snorrabrautar og Njálsgötu

Sigríður Víðis Jónsdóttir kynnis og les úr bók sinni *Ríkisfang: Ekkert*

Léttur kvöldverður á hóflegu verði í upphafi fundar (kr. 1000).

Húsið opnar kl. 18.30. Allir velkomnir.

14. nóvember kl. 19.00

Opinn félagsfundur í Friðarhúsi, á horni Snorrabrautar og Njálsgötu

Dagskrá auglýst síðar

10. desember kl. 14.00

Bókmenntakynning MFÍK í MÍR-salnum, Hverfisgötu 105

Dagskrá auglýst síðar

XV. þing Alþjóðasamtaka lýðræðissinnaðra kvenna (WIDF)

XV. þing Alþjóðasamtaka lýðræðissinnaðra kvenna (WIDF) verður haldið í Sao Paulo í Brasilíu dagana 7.– 12. apríl 2012. Þingin eru haldin á fimm ára fresti og var það síðast haldið í Caracas árið 2007. Á því þingi voru fulltrúar MFÍK: Arna Ösp Magnúsardóttir, Áslaug Einarsdóttir, María S. Gunnarsdóttir og Sigrún Stefánsdóttir.

Gríska systurfélag MFÍK kallaði til undirbúningsfundar evrópsku aðildarfélagana í Aþenu í byrjun september. MFÍK hefur fengið tillögur að ályktunum sem gerðar voru á þessum fundi og leggja á fyrir þingið. Ályktanirnar varða m.a. samstöðu með palestínsku þjóðinni, fórnarlömb hungursneyðar í Sómalíu, árásir Nató í Líbíu og lausn Kúbverjanna fimm sem setið hafa í fangelsi í Bandaríkjunum í fjölda ára án dóms og laga.

Yfirskrift þings alþjóðasamtakanna er ekki ákveðin ennþá en búast má við að þetta verði kraftmikil samkoma eins og fyrri þing hafa verið. Stefnt er að því að fulltrúar MFÍK sækja þingið og er áhugasömum bent á að hafa samband við félagið: mfik@mfik.is, eða hringja í Guðríði Sigurbjörnsdóttur, s. 5512946 / gsm. 6912946.

Alþjóðlegur baráttudagur kvenna 8. mars 2012

Ekki er ráð nema í tíma sé tekið. MFÍK óskar eftir hugmyndum að yfirskrift fyrir 8. mars 2012. Félagið hvetur einnig félaga og aðra til að hafa samband ef þeir eru með áhugavert efni eða fyrirlestur sem á heima á þessum alþjóðlega baráttudegi kvenna fyrir friði og jafnrétti.

Umsókn til Menningarsjóðs Hlaðvarpans

Stjórn MFÍK ákvað á síðasta stjórnarfundum að sækja um styrk til Menningarsjóðs Hlaðvarpans, en markmið sjóðsins er að styrkja menningarstarfsemi kvenna sem beinist að því að greina, efla, varpa ljósi á og breyta stöðu kvenna í íslensku samfélagi. Ef styrkurinn fæst er hugmyndin að fá aðila til að skrifa sögu félagsins, en það fagnar 60 ára afmæli í ár.

Hautferð MFÍK

Í tilefni 60 ára afmælis MFÍK var farið í hautferð til Eyrarbakka laugardaginn 24. september. Veðrið lék við ferðalangana og náttúran skartaði sínu fegursta. Eftir dásamlegan hádegisverð í lífræna kaffihúsinu Bakkabrimi, sem rekið er af félagskonunni Örnunni Ösp Magnúsdóttur, tók Linda Ásdísardóttir á móti hópnum í Húsinu. Eftir það var farið til Unnar Arndísardóttur sem leiddi hópinn í fallega hugleiðslu. Að lokum voru fuglarnir hans Hafþórs Ragnars Þórhallssonar skoðaðir.



MFÍK—konur fyrir framan kaffihúsið Bakkabrim á Eyrarbakka.